



Borgarráð

Samningur um byggingu hjúkrunarheimilis við Mosaveg

Lagt er til að borgarráð samþykki hjálögð drög að samning um byggingu hjúkrunarheimilis í Reykjavík sem reist verður á svæði við Mosaveg, 112 Reykjavík.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Samningur um byggingu hjúkrunarheimilis í Reykjavík, drög.

Minnisblað um stöðu samningarviðræðna um uppbyggingu hjúkrunarheimila að Mosavegi og á Ártúnshöfða í Reykjavík, dags. 30. apríl 2019

Erindisbréf - Samninganefnd Reykjavíkurborgar vegna viðræðna við ríkið um uppbyggingu hjúkrunarheimila, dags. 12. apríl 2019

Heilbrigðisráðuneytið, kt. 521218-0530, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík, og Reykjavíkurborg, kt. 530269-7609, Tjarnargata 11, 101 Reykjavík gera með sér eftirfarandi

S A M N I N G

um byggingu hjúkrunarheimilis

í Reykjavík

1. gr.

Heilbrigðisráðuneytið og Reykjavíkurborg munu standa saman að byggingu hjúkrunarheimilis. Í byggingunni verða um 132-144 ný rými.

Samningurinn er gerður með fyrirvara um ákvörðun Alþingis um fjárveitingu á fjárlögum, ákvörðun borgarstjórnar um fjárveitingu í fjárhagsáætlun og að breytingar á skipulagi gangi eftir.

2. gr.

Hjúkrunarheimilið verður reist á svæði við Mosaveg, 112 Reykjavík. Breyta þarf skipulagi og afmarka lóð norðan Mosavegar 15, vegna byggingarinnar.

3. gr.

Samkvæmt útreikningum Framkvæmdasýslu ríkisins í umsögn um frumathugun, frá mars 2021, sbr. fylgiskjal 2, er heildarkostnaður hjúkrunarheimilisins áætlaður um 7.697 milljónir króna, án búnaðar, miðað við 140 rými. Kostnaður við byggingu hjúkrunarheimilis skiptist þannig að 85% greiðast úr ríkissjóði en Reykjavíkurborg greiðir 15%.

Kostnaður sem fellur til við kaup á búnaði greiðist í sömu hlutföllum og nýbyggingin. Um kaup á búnaði gilda sérstakar reglur, sbr. fylgiskjal 1.

Eignarhlutur hvers aðila verður í samræmi við hlutfallslega skiptingu heildarkostnaðar.

4. gr.

Stjórnun og ábyrgð á undirbúningi verkefnisins skal vera hjá heilbrigðisráðuneytinu og Reykjavíkurborg. Samningsaðilar skulu tilnefna tvo fulltrúa hvor í starfshóp vegna verkefnisins. Fyrsta verkefni hópsins verður að koma að vinnu að gerð kröfu og tæknilýsingar vegna alútboðs í samræmi við lög nr. 84/2001, um skipan opinberra framkvæmda. Við þá vinnu verður haft samráð við Framkvæmdasýslu ríkisins.

5. gr.

Þegar forvals- og alútboðsgögn liggja fyrir skal leitað heimildar samstarfsnefndar um opinberar framkvæmdir til fullnaðarhönnunar og verklegar framkvæmdar.

6. gr.

Umsjón með verklegum framkvæmdum, þar með talin ábyrgð á framkvæmdareftirliti á verktíma, verður falin Framkvæmdasýslu ríkisins. Áður en til framkvæmda kemur skal gera samning milli heilbrigðisráðuneytisins, Reykjavíkurborgar og Framkvæmdasýslu ríkisins um fjármögnun verksins, greiðsluflæði, boðleiðir, samskipti, upplýsingagjöf og aðrar skyldur samningsaðila.

7. gr.

Míða skal við að undirbúnings- og framkvæmdartími hefjist á öðrum ársfjórðungi 2021 og að taka megi heimilið í notkun á öðrum ársfjórðungi 2026.

8. gr.

Heilbrigðisráðuneytið mun óska eftir því að Ríkiseignir taki við umsjón hjúkrunarheimilisins við afhendingu þess og lokaúttekt byggingarfulltrúa og annist viðhald samkvæmt starfsreglum sínum.

Fylgiskjöl:

Fylgiskjal 1. Búnaðarkaup fyrir hjúkrunarheimili.

Fylgiskjal 2. Framkvæmdasýsla ríkisins frumathugun, júlí 2015 og umsögn um frumathugun mars 2021.

Fylgiskjal 3. Bókun

Reykjavík, [dags.]

Svandís Svavarsdóttir
heilbrigðisráðherra

Dagur B. Eggertsson
Borgarstjóri

Fylgiskjal 3. Bókun

Vísað er í samning milli heilbrigðisráðuneytis og Reykjavíkurborgar um byggingu hjúkrunarheimilis við Mosaveg í Reykjavík dags. __ apríl 2021.

Aðilar eru sammála um að þegar fyrir liggur endurskoðun á greiðslum og fyrirkomulagi rekstrar hjúkrunarheimila á grundvelli greiningar sem hafin er en er enn ólokið*) munu aðilar gera með sér samning um rekstur á hjúkrunarheimilinu þar sem gert er ráð fyrir að rekstur verði sjálfbær.

*) Sjá samkomulag milli Sjúkratrygginga Íslands, Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu og Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 19. desember 2019.

DRÖG

MINNISBLAÐ

Um stöðu samningaviðræðna um uppbyggingu hjúkrunarheimila að Mosavegi og á Ártúnshöfða í Reykjavík

Borgarráð samþykkti á fundi sínum 9. apríl 2019 að setja á laggir sérstaka samninganefnd vegna viðræðna við ríkið um uppbyggingu hjúkrunarrýma í Reykjavík í framhaldi af bréfi heilbrigðisráðherra frá 11. mars 2019 þar sem hann óskaði eftir viðræðum við Reykjavíkurborg um fjölgun hjúkrunarrýma í Reykjavík um allt að 200 hjúkrunarrými á næstu fimm árum. Samninganefndinni var jafnframt veitt umboð til að ræða um næstu áfanga í uppbyggingu hjúkrunarrýma í Reykjavík eða allt til ársins 2030. Í erindisbréfi samninganefndarinnar er farið yfir mögulegar staðsetningar hjúkrunarheimila í Reykjavík og þær niðurstöður sem eru nú til umfjöllunar eru á þeim lista.

Viðræður við heilbrigðisráðuneytið hafa tekið langan tíma. Ýmsar skýringar eru á því m.a. efnahags- hrunið og áhrif þess á opinber fjármál en einnig vaxandi kvartanir rekstraraðila hjúkrunarheimila yfir vanfjármögnun og taprekstri hjúkrunarheimila. Eins og kunnugt er ber ríkið ábyrgð á málaflokki aldraðra og þar á meðal uppbyggingu og rekstri hjúkrunarheimila, enda á rekstur þeirra mun meira sammerkt með rekstri heilbrigðisstofnana ríkisins en dæmigerðum verkefnum sveitarfélaga. Þrátt fyrir ofangreint hefur heilbrigðisráðuneytið gefið það út sem stefnu sína að koma þessum verkefnum yfir á sveitarfélögin og semja við þau bæði um byggingu hjúkrunarheimila og rekstur þeirra. Þessi afstaða ráðuneytisins setti mark sitt á gang viðræðna lengi framan af en samninganefnd borgarinnar taldi óaðgengilegt skilyrði að borgarsjóður tæki að sér ábyrgð á rekstri nýrra hjúkrunarheimila þar sem alkunna var - og hefur nú verið rækilega staðfest í skýrslu faglegrar nefndar um málið - að daggjöld standa ekki undir rekstrinum.

Nú hefur samninganefnd borgarinnar og heilbrigðisráðuneytis gengið frá drögum að samkomuagi um uppbyggingu á nýju hjúkrunarheimili að Mosavegi þar sem ekki er gert skilyrði um skyldu Reykjavíkurborgar að reka hjúkrunarheimilið eða að bera ábyrgð á rekstrinum. Í bókun með þessum drögum að samkomulagi segir þó:

„Aðilar eru sammála um að þegar fyrir liggur endurskoðun á greiðslum og fyrirkomulagi rekstrar hjúkrunarheimila á grundvelli greiningar sem hafin er en er enn ólokið) munu aðilar gera með sér samning um rekstur á hjúkrunarheimilinu þar sem gert er ráð fyrir að rekstur verði sjálfbær.“*

Þessi bókun þýðir að Reykjavíkurborg mun skoða mögulega aðkomu að rekstri nýja hjúkrunarheimilisins að Mosavegi ef tryggt verður að reksturinn verði sjálfbær.

Fyrir liggur kostnaðarmat Framkvæmdasýslu ríkisins á væntanlegu hjúkrunarheimili, sjá meðfylgjandi. Skv. lögum ber ríkinu að greiða 85%H af fjárfestingarkostnaði hjúkrunarheimila og greiða rekstraraðila daggjöld sem ákveðin eru af Sjúkratryggingum ríkisins. Stærð nýs heimilis miði við 140 rými en skipulagsheimildir m.v. allt að 145 rými. Gert er ráð fyrir þremur einingum 3-5 hæða við Mosaveg og heimild verði fyrir kjallara og tveimur lyftum í miðeiningu. Áætlun heildarstofnkostnaðar fyrir 9.100 fermetra hjúkrunarheimili, í lokunarflokki A brúttó með 140 rýmum er alls **6.703** mkr með VSK eða 737 þús. k. á fermetra. Til viðbótar við stofnkostnað húsnæðis þarf að útvega margvíslegan búnað sem áætlaður er 2,55 milljónir á rými eða alls 357 mkr. Reiknaður er 2% fjármagnskostnaður á fimm ára byggingartíma alls 392 mkr. Áætlunin er að síðustu reiknuð til verðlags hvers árs og við það bætist áætluð

verðlagsbreyting 602 mkr. Heildarkostnaður, án búnaðar, fer þannig í alls **7.697** mkr. Skekkjumörk áætlunar 30% til hækkunar og 15% til lækkunar.

Starfshópurinn hefur fylgst með fréttum um að fleiri hjúkrunarheimili hafi farið langt fram úr áætlunum um stofnkostnað og óskað eftir upplýsingum frá Framkvæmdasýslunni um þau tilvik og ástæður þeirra í því skyni að læra af þeim og forðast slík mistök. Dæmi um slík byggingarverkefni eru bygging hjúkrunarheimilis í Árborg og á Húsavík. Framkvæmdasýslan hefur ekki lagt fram skýr skrifleg gögn um þessar framúrkeyrslur og ástæður þeirra né heldur gögn sem bera saman kostnaðaráætlun FSR að Mosavegi í samanburði við önnur hjúkrunarheimili á vegum FSR.

Starfshópurinn hefur vakið athygli fulltrúa heilbrigðisráðuneytisins og Framkvæmdasýslunnar á því að fyrirbyggjandi kostnaðarmat á verkefninu að Mosavegi hljóti að teljast hátt. Á viðræðufundi í þessum mánuði var málið rætt virðist vera mjög mikill munur á kostnaðaráætlun vegna Mosavegar og áætluðum endanlegum kostnaði við hjúkrunarheimili að Sléttuvegi en unnið er að uppgjöri þess. Óskuðu fulltrúar borgarinnar eftir því að Framkvæmdasýslan leiti verði allra leiða til að ná niður kostnaði án þess að stefna lögbundnum kröfum til byggingar af þessi tagi í uppnám. Voru fulltrúar FSR m.a. spurðir um reynslu af alútboðum í þessu samhengi og aðrar leiðir í þessum efnunum.

Samninganefndirnar hafa jafnframt náð samkomulagi um drög að yfirlýsingu um næsta hjúkrunarheimili sem verði á Ártúnshöfða. Heilbrigðisráðherra kynnti þessi áform í ríkisstjórninni 30. apríl sl.

Birgir Björn Sigurjónsson, form, samninganefndar

Berglind Magnúsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviði

Óli Jón Hetervig, skrifstofustjóri fjármála- og áhættustýringarsviði

Fylgiskjöl:

Erindisbréf samninganefndar Reykjavíkurborgar vegna viðræðna við ríkið um uppbyggingu hjúkrunarrýma í Reykjavík

Bréfi heilbrigðisráðherra frá 11. mars 2019

Kostnaðarmat Framkvæmdasýslu ríkisins vegna byggingar hjúkrunarheimilis að Mosavegi Reykjavík



ERINDISBRÉF

Samninganefnd Reykjavíkurborgar vegna viðræðna við ríkið um uppbyggingu hjúkrunarheimila

Ábyrgðarmaður:

Borgarstjórinn í Reykjavík.

Inngangur:

Mikil þörf er á uppbyggingu hjúkrunarheimila í Reykjavík og um nokkurt skeið hafa verið í gangi viðræður við fulltrúa heilbrigðisráðuneytis og fjármálaráðuneytis um mögulegar staðsetningar fyrir næstu hjúkrunarheimili í Reykjavík. Nýtt hjúkrunarheimili við Sléttuveg með 99 rýmum verður opnað um næstu áramót. Með erindisbréfi þessu er verið að formgera viðræður við ríkið um uppbyggingu á næstu hjúkrunarheimilum.

Hlutverk:

Hlutverk samninganefndarinnar er að sinna viðræðum við ríkið um uppbyggingu á allt að 200 hjúkrunarrýmum í borginni á næstu fimm árum sem og mögulegum staðsetningum fyrir hjúkrunarheimili í Reykjavík til ársins 2030. Í viðræðunum verði markmiðið að leita staðsetningar sem verði heppileg fyrir slíka starfsemi með tilliti til þróun byggðar.

Kemur þá helst til greina:

Fyrirliggjandi möguleikar: Borgarspítalareitur, Móavegur, Sóltún og Skógarbær

- Borgarspítalareitur, en þar er möguleiki á að byggja 100-200 rýma hjúkrunarheimili. Þar heldur ríkið á lóðarréttindum.
- Við Mosaveg, en þar er möguleiki á að byggja 100 rýma hjúkrunarheimili. Um er að ræða svæði sem var hugsað fyrir íþróttahús Borgarholtsskóla en með tilkomu Egilshallar er sú þörf ekki lengur til staðar. Land er í eigu Reykjavíkurborgar.
- Við Sóltún 4-6 hafa lóðarhafar gert ráð fyrir 107 rýma hjúkrunarheimili en lóð er í eigu einkaaðila og þarf að kaupa þá lóð. Kostnaður væri töluverður fyrir Reykjavíkurborg ef þau kaup væru án aðkomu ríkisins.
- Stækkun Skógarbæjar um 15 ný hjúkrunarrými og breyta öðrum rýmum með niðurlagningu tvíbýla. Semja þarf um þessar breytingar við ríkið en húsnæðið er í eigu sjálfseignarstofnunar.

Framtíðarstaðsetningar: Ártúnshöfði og Keldur

- Ártúnshöfða, en unnið er að skipulagi á 1. áfanga á því svæði og mögulegt er að gera ráð fyrir lóð fyrir hjúkrunarheimili á því landi sem er í eigu Reykjavíkurborgar.
- Viðræður eru að hefjast við ríkið um Keldnaland og möguleiki væri að gera ráð fyrir hjúkrunarheimili í skipulagi á þessu svæði.

Með þessum möguleikum væri hægt að koma fyrir 6-700 nýjum hjúkrunarrýmum á næstu 11 árum.

Samninganefndina skipa:

Birgir Björn Sigurjónsson fjármálastjóri.

Berglind Magnúsdóttir skrifstofustjóri.

Óli Jón Hertervig skrifstofustjóri.

Fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs skv. þörfum.


Til ráðgjafar og samstarfs:

Samninganefnd leiti ráðgjafar innan og utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu.

Starfstímabil:

Samninganefnd starfi þar til skilgreindum verkefnum þess er lokið eða það leyst frá störfum af ábyrgðarmanni.

Reykjavík, 12. apríl 2019

A handwritten signature in black ink, consisting of several loops and a long horizontal stroke extending to the right.

Dagur B. Eggertsson